

Starfsáætlun 2019



SAMÞYKKT Á FUNDI STJÓRNAR 14. DESEMBER 2018.

Framkvæmdastjóri og yfirstjórn

Hlutverk

Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi þess sé á hverjum tíma hagað í samræmi við ákvæði 2. gr. samþykktu sambandsins, þar sem kveðið er á um hlutverk þess með eftirfarandi hætti:

- Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirsvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- Að þjóna sveitarfélögum og samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.
- Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti.

Leiðarljós

Að vera ávallt á verði gagnvart hagsmunum sveitarfélaga í landinu og hafa frumkvæði að því að verja sameiginlega hagsmuni þeirra og efla starfsemi þeirra.

Meginmarkmið

Að sambandið sé þekkt og viðurkennt fyrir:

- Öfluga hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart Alþingi, stjórnarráði og öðrum opinberum aðilum innanlands og utan, svo og öðrum hagsmunasamtökum, m.a. á vinnumarkaði.
- Góða starfshætti og þjónustu við viðskiptavinum sína.
- Mikla og markvissa miðlun upplýsinga og kynningu nýrra viðhorfa í stjórnsýslu og viðfangsefnum sveitarfélaga.
- Skilvirkni og vönduð vinnubrögð.

Föst verkefni

- Framfylgja samþykktum stjórnar sambandsins.
- Undirbúa árlega fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins.
- Mæta á sem flesta ársfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga, vor- og haustfundi þeirra og aðra ársfundi stofnana sem tengjast verkefnum sveitarfélaga og flytja erindi um málefni sveitarfélaga og sambandsins eftir atvikum.
- Funda með þeim fastanefndum Alþingis sem mest fjalla um mál er tengjast sveitarfélögum og kynna starf sambandsins, stefnumörkun þess og sveitarstjórnarstigið almennt.
- Undirbúa og framfylgja samkomulagi sambandsins og viðkomandi ráðuneyta um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Styðja viðkomandi sviðsstjóra og sérfræðinga eftir atvikum við að ná markmiðum í stefnumörkun sambandsins.
- Vinna með og aðstoða formann sambandsins við að sinna hlutverki sínu.
- Skrifa leiðara í Sveitarstjórnarmál.
- Vinna þétt með starfsmönnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og velferðaráðuneytis að framgangi hagmunamála sveitarfélaga.
- Annast framkvæmdastjórn og tryggja skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd.
- Taka þátt í árlegum fundum framkvæmdastjóra sveitarfélagasambanda á Norðurlöndum.
- Sinna starfsmannamálum sambandsins í samvinnu við starfsmannastjóra.
- Stuðla að sí- og endurmenntun starfsmanna sambandsins.
- Vinna með kjarasviði að mótun markmiða og kjarasamningsstefnu sambandsins.
- Taka þátt í störfum kjaramálaráðs hins opinbera og þróa áfram verklagsreglur þess um nánara samstarf ríkis og sveitarfélaga í kjaramálum.
- Taka þátt í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og sóknaráætlanir landshluta og vinna að eflingu þeirra.
- Vera í góðum tengslum við Byggðastofnun og þróa virkt samstarf hennar við sambandið og koma sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri við stofnunina.
- Gæta að hagsmunum sveitarfélaga í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.
- Taka þátt í stýrinefnd GERT-verkefnisins og vinna þannig að því að auka vægi verk-, tækni- og listgreina í námi barna.
- Sitja fundi skipulagsnefndar sambandsins eftir föngum.
- Fylgjast reglulega með þróun fjármála sveitarfélaga.
- Fylgjast með starfsemi CEMR og Brussel-skrifstofu sambandsins.
- Fylgjast með nýjungum og áhugaverðum þróunarmálum hjá sveitarfélögum í nágrennaríkjum.

- Nýta möguleika framkvæmdastjóra að afla sér nýrrar þekkingar með þátttöku í fundum, ráðstefnum og námskeiðum innanlands sem erlendis.

NEFNDASTÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRA

- Stjórn Byggðastofnunar.
- Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.
- Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál.
- Byggðamálaráð.
- Jónsmessunefnd.
- Kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga.
- Endurskoðunarnefnd Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.
- Fastanefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.
- Almanna- og öryggismálaráð.
- Stjórn Bakhjarls.
- Seti í ýmsum verkefna tengdum nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Áhersluatriði 2019

STEFNUMÖRKUN SAMBANDSINS

Kynna nýja stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 sem víðast og halda henni sérstaklega á lofti gagnvart ráðherrum, ráðuneytum, stofnunum ríkisins og Alþingi.

TEKJUSTOFNAR OG SAMSKIPTI VIÐ RÍKIÐ

Vinna úr málum sem lúta að sveitarfélögum og byggðamálum sem fram koma í stjórnarsáttamála ríkisstjórnarinnar.

Próa áfram samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

Vinna markvisst að framkvæmd verkefna sem skilgreind eru í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

Vinna að frekari þróun fjármálareglna sveitarfélaga og gæta þess að þær styðji við ábyrga fjármálastjórn sveitarfélaga.

Próa niðurstöður greiningar ráðgjafarfyrirtækis á fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga og vinna að gerð sviðsmyndalíkans í notendavænni umgjörð fyrir sveitarfélögin sem byggir á þessari greiningu.

Taka þátt í þróun hugmynda um breytta gjalddöku á umferð og fjármögnun samgöngumannvirkja.

Vinna áfram að því markmiði að ígildi virðisaukaskatts á fráveituframkvæmdir verði endurgreitt.

Vinna að því að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum af ferðaþjónustu.

Vinna að brottfalli lagaákvæða sem leggja kvaðir á sveitarfélög um útvegum lóða án endurgjalds.

Fylgjast með áframhaldandi vinnu við endurskoðun og einföldun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem geri öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.

Móta skýrt skráningarform/utanumhald fyrir allt kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerðarbreytinga gagnvart fjárhag sveitarfélaga, eða svokallaðan viðskiptareikning ríkis og sveitarfélaga.

Fylgjast með og taka þátt eftir atvikum í stefnumörkunarvinnu ráðuneytis sveitarstjórnarmála um framtíðarsýn gagnvart sveitarstjórnarstiginu.

Vinna að því að öll mannvirki verði metin til fasteignamats og undanþágur frá álagningu fasteignaskatts verði felldar niður.

Vinna að því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Taka upp viðræður við ríkið um fjármögnun leikskólavalar að fæðingarorlofi loknu.

SKÓLA- OG FRÆÐSLUMÁL

Styðja almennt við verkefni sambandsins á sviði skóla- og fræðslumála.

Hafa umsjón- og eftirlitshlutverk vegna aðgerða til að bregðast við kennaraskorti og eftirfylgni skýrslu um menntun án aðgreiningar.

FÉLAGSPJÓNUSTA, ATVINNU- OG HÚSNÆÐISMÁL

Vinna markvisst að fækkun grárar svæða í velferðarþjónustu og samvinnu sambandsins og viðkomandi ráðuneyta við að skýra betur þjónustuskyldur hins opinbera og fjármögnun þeirra.

Vinna að því að auka hlutdeild ríkisins til að standa undir kostnaði við NPA samninga.

Vinna að styrkingu fjármögnunar hjúkrunarheimila.

Leitast við að tryggja að sambandið og sveitarfélögin komi að mótun

stefnumörkunar á sviði heilbrigðisþjónustu.

Fylgjast með þróun og nýjungum á sviði velferðartækni.

Vinna að auknu samstarfi sambandsins og Íbúðalánasjóðs um framkvæmd lögbundinna verkefna sveitarfélaga á sviði húsnæðismála.

Styðja við vinnu sem hefur að markmiði að tryggja öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði samfara því að tryggja framboð af ódýru og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks.

UMHVERFIS-, FJARSKIPTA- OG SKIPULAGSMÁL

Styðja við framgang tillagna um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn.

Stuðla að því að sambandið gæti hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Fylgjast með framvindu samningaviðræðna um almenningssamgöngur í landinu og þróun þeirra.

BYGGÐAMÁL

Vinna að samþættingu áætlana sem lúta að verkefnum sveitarfélaga.

Vinna að eflingu sóknaráætlana landshluta og framkvæmd byggðaáætlunar.

Vinna að framkvæmd verkefna í byggðaáætlun á grundvelli stefnumörkunar sambandsins.

UPPLÝSINGAR OG RANNSÓKNIR

Styðja við stofnun samstarfsvettvangs sveitarfélaga á sviði samskipta- og upplýsingamála sem fjalli um sameiginleg hagsmunamál þeirra á því sviði.

Stuðla að því að ríki og sveitarfélög vinni saman að því að tryggja innviði fyrir stafræna þjónustu og samvirkni upplýsingatæknikerfa í gegnum stafræna stofnbraut.

Taka þátt í innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá sambandinu með sérstakri áherslu á að tryggja upplýsingaöryggi og persónuvernd.

LÝÐRÆÐISMÁL

Sjá til þess að stjórn sambandsins fundi með fulltrúum ungmennaráða.

Vinna að bættu aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu og kanna kosti þess að sveitarfélög annist alfarið framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og að kjörskráin verði rafræn.

KJARA- OG LÍFEYRISMÁL

Taka áfram þátt í vinnu við þróun á lífeyriskerfinu á Íslandi og fjármögnun lífeyrisskuldbindinga.

STARFSMANNAMÁL

Leggja áherslu á innri mál í starfsemi sambandsins.

Yfirfara og ganga frá starfslýsingum sviðsstjóra.

Vinna að innleiðingu jafnlaunavottunar hjá sambandinu.

ÖNNUR TILFALLANDI MÁL OG VERK Á GRUNDEVLLI MEGINMARKMIÐA OG HLUTVERKA SAMBANDSINS

Framkvæmdastjóri sinnir fjölda annarra verkefna en þeirra sem getið er um hér að framan sem eru tilfallandi og byggjast á meginmarkmiðum sambandsins og hlutverkum þess. Við árangursmat fyrir árið 2019 verður þeirra getið eins og við á undir þessum lið.

Hag- og upplýsingasvið

Hlutverk

Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er öflun, úrvinnsla, miðlun og útgáfa á hagrænum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga til notkunar við samanburð milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

Leiðarljós

- Standa vörð um fjárhagslega hagsmuni sveitarfélaga og veita þeim markvissa þjónustu og ráðgjöf um fjármál.
- Við úrlausn allra verkefna er stefnumörkun sambandsins höfð í hávegum.

Meginmarkmið

- Afla gagna um rekstur og stöðu sveitarfélaga sem og einstakra málaflokka og verkefnasviða þeirra.
- Vinna upp og setja fram áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar um rekstur og stöðu sveitarfélaga sem og einstakra málaflokka og verkefnasviða þeirra.
- Miðla nauðsynlegum upplýsingum til sveitarfélaga og annarra aðila sem láta sig málefni sveitarfélaga varða.

Föst verkefni

FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA

- Taka saman og samræma upplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Annast samantekt og úrvinnslu upplýsinga fyrir útgáfu Árbókar sveitarfélaga.
- Annast miðlun upplýsinga er tengjast fjármálum sveitarfélaga inn á heimasíðu sambandsins.
- Gera áætlun fyrir sveitarfélögin um líklegar staðgreiðslutekjur þeirra á komandi ári í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.
- Annast eftirlit með uppgjöri og skilum á staðgreiðslu til sveitarfélaga og hafa samskipti við Fjárslu ríkisins fyrir hönd þeirra.
- Taka saman upplýsingar um forsendur fjárhagsáætlana og miðla til sveitarfélaga.
- Taka saman umsögn fjárlagafrumvarp og meta áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

ÚRVINNSLA MÁLAFLOKKA OG MIÐLUN

- Annast samantekt og úrvinnslu upplýsinga um fræðslumál og félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Vinna með lögfræði- og velferðarsviði að ýmsum verkefnum sem varða félagsþjónustu og fræðslumál sveitarfélaga.
- Undirbúa umsagnir um frumvörp til laga, reglugerðardrög og kostnaðarmat í samráði við önnur svið sambandsins.
- Taka saman skýrslu um fjárhagsstöðu hafna fyrir Hafnasamband Íslands.

ÚTGÁFA

- Gefa út Árbók sveitarfélaga.
- Gefa út „Lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga.“
- Sjá um útgáfu fréttabréfs hag- og upplýsingasviðs sem gefið er út eftir þörfum á vef sambandsins.
- Gefa út upplýsingabæklinga á íslensku, ensku og norðurlandamáli um rekstur og fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna.
- Taka saman eftir þörfum efni til birtingar í tímaritinu *Sveitarstjórnarmál* og í vefritinu „Tíðindi af vettvangi sambandsins.“

NEFNDARSTÖRF

- Sviðsstjóri situr í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál og situr fundi Jónsmessunefndar.
- Sviðsstjóri situr í nefnd um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaganna.
- Sviðsstjóri er áheyrnarfulltrúi í Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
- Sviðsstjóri situr í nefnd um endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs
- Sérfræðingur sviðsins situr í stýrihópi samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í skólateymi sambandsins.
- Sérfræðingur sviðsins situr í félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í samráðsnefnd menntamálaráðuneytis og sambandsins um leik- og grunnskóla.
- Sérfræðingur sviðsins situr í samstarfsnefnd um málefni hjúkrunarheimila og í starfshópi um endurskoðun á reiknilíkani hjúkrunarheimila.
- Sérfræðingur sviðsins situr í vinnuhópi um upplýsingaveitu sveitarfélaga.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í samninganefnd um framlengingu rammasamnings um hjúkrunarheimili.
- Sérfræðingur sviðsins á sæti í samninganefnd um rammasamning um dagdvöl aldraðra.

FASTIR VIÐBURÐIR

- Hag- og upplýsingasvið ber ábyrgð á og annast faglegan undirbúning dagskrár fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Starfsmenn sviðsins vinna að undirbúningi ráðstefnunnar í samvinnu við önnur svið sambandsins.
- Sviðsstjóri og sérfræðingur taka þátt í ársfundi hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna, sækja eftir atvikum fjármálaráðstefnur sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum og aðrar ráðstefnur og fundi sem varða fjármál og rekstur sveitarfélaganna.

Áhersluatriði 2019

INNRA STARF

Starfsþróunaráætlun gerð fyrir hvern starfsmann.

Áhersla lögð á símenntun starfsmanna

Sviðsfundir haldnir reglulega eða a.m.k. mánaðarlega.

Mörkuð verði stefna um þjónustu sviðsins við sveitarfélögin.

FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA

Undirbúa fjármálaáætlun á vettvangi Samráðsnefndar um opinber fjármál.

Undirbúa samkomulag ríkis og sveitarfélaga á vettvangi Samráðsnefndar um opinber fjármál.

Vinna að og fylgja eftir verkefnum í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

Próa áfram samstarf við ríkisvaldið um opinber fjármál á vettvangi Samráðsnefndar um opinber fjármál.

Auka þekkingu á framsetningu fjármála sveitarfélaga á þjóðhagsgrunni (GFS).

Taka þátt í samstarfi um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaganna.

Bæta upplýsingaöflun um fjármál rekstrareininga í B- hluta.

Efla rannsóknir á fjármálum sveitarfélaga í samstarfi við háskóla og aðra aðila. Vekja athygli námsmanna á sveitarstjórnarstíginu og fjármálum þess.

Byggja upp þekkingu á kynjaðri fjárhagsáætlun og miðla til sveitarfélaga .

Próa áfram upplýsingaveitu sveitarfélaga í samráði við samstarfsaðila.

Efla samstarf við Hagstofu Íslands, stjórnarráð og fleiri um tölfræði um

sveitarfélög, sem eftir atvikum verði kyngreind.

Rýna reglugerð um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga og vinna að endurbótum í samráði við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Undirbúa fræðsluefni og eftir atvikum námskeið um fjármál sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa, s.s. um lestur ársreikninga, fjárhagsáætlanir, viðauka o.fl.

VIÐBURÐIR

Efna til hugarflugs um fyrirkomulag fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2019.

Dagskrá fjármálaráðstefnu 2019 verði lögð fram tímanlega. Sérstakar gætur verði gefnar að kynjahlutfalli við val á fyrirlesurum.

Sjá um og skipuleggja ráðstefnu hagdeilda norrænna sveitarstjórnarsambanda sem haldin verður á Ísafirði 14.-17. ágúst.

ÚTGÁFUMÁL

Endurskoða útgáfu Árbókar sveitarfélaga.

Próa áfram lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga.

Endurskoða framsetningu efnis um rekstur og fjármál sveitarfélaga á heimasíðu sambandsins.

Efla myndræna framsetningu efnis á heimasíðu.

MÁLAFLOKKAR

Safna heildstæðum reikningum hafnasjóða og gefa út skýrslu fyrir Hafnafund 2019 í Þorlákshöfn.

Vinna að því að fjármögnun hjúkrunarheimila sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Endurmeta söfnun og miðlun á upplýsingum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Taka þátt í stefnumótun sambandsins í málefnum aldraðs fólks.

Taka þátt í stefnumótun um húsnæðismál o.fl. í aðdraganda kjarasamninga.

Taka þátt í stefnumótun um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga um móttöku flóttamanna.

Taka saman heildstætt yfirlit um fjármögnun leik – og grunnskóla.

ÖNNUR TILFALLANDI MÁL OG VERK Á GRUNDEVLLI MEGINMARKMIÐA OG HLUTVERKA SAMBANDSINS

Starfsmenn sviðsins sinna fjölda annarra verkefna en þeirra sem getið er um hér að framan sem eru tilfallandi og byggjast á meginmarkmiðum sambandsins og hlutverkum þess. Við árangursmat fyrir árið 2019 verður þeirra getið eins og við á undir þessum lið.

Kjarasvið

Hlutverk

- Kjarasvið hefur það meginhlutverk að upplýsa og leiðbeina sveitarfélögum á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála.
- Kjarasvið annast kjarasamningagerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til þess.
- Kjarasvið veitir stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, ráðgjöf og aðstoð við túlkun og framkvæmd allra kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kjarasvið annast samskipti og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins í málefnum er varða íslenskan vinnumarkað.

Leiðarljós

- Að mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála og þjóna sérstaklega þeim stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga.

Meginmarkið

- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- Sambandið stuðli að samhæfingu og samráði við gerð og efni kjarasamninga.
- Kjarasamningar sveitarfélaga styðji við skilvirka starfsemi rekstrareininga sveitarfélaga og séu ekki ákvarðandi um fyrirkomulag starfseminnar.
- Sambandið efli kjararannsóknir í samvinnu við sveitarfélögin, Hagstofu Íslands og aðila vinnumarkaðarins.
- Sambandið auki hvata til viðurkenndrar sí- og endurmenntunar í kjarasamningum, enda tengist námið starfi viðkomandi.
- Sambandið veiti sveitarfélögum faglega ráðgjöf, leiðbeiningar og eigi samráð við þau á sviði vinnumarkaðsmála.
- Sambandið styðji sveitarfélögin eins og kostur er til að ná markmiðum sínum í mannauðsmálum, m.a. með ákvæðum í kjarasamningum, samvinnu við stéttarfélögin í samstarfsnefndum og með ráðgjöf til sveitarfélaga.
- Sambandið styðji sveitarfélög við að sinna vinnuveitendahlutverki sínu.
- Sambandið vinni að því að kjarasamningar sveitarfélaga taki mið af sameiginlegri kjarastefnu opinbers vinnumarkaðar og stefnu um opinber fjármál.

- Sambandið stuðli að jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga, þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti og hvers kyns mismunun óheimil.
- Sambandið stuðli að því að laun og önnur kjör starfsmanna sveitarfélaga verði sambærileg jafn verðmætum störfum hjá ríki og á almennum vinnumarkaði.
- Sambandið þróa áfram starfsmatskerfið SAMSTARF í samstarfi við stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga.
- Sambandið hvetur og styður sveitarfélögin í því ná fram jafnrétti kynjanna í reynd, bæði sem þjónustuveitendur og vinnuveitendur og þ.á.m. að því að þau innleiði jafnlaunastaðal. Sambandið vinnur að þessu markmiði á grundvelli Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og með auknu samstarfi við Jafnréttisstofu, norræn og önnur evrópsk systursamönd.

Föst verkefni

- Sérfræðiráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun með sérstakri áherslu á upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra, stjórnenda stofnana og launafulltrúa.
- Kjarasvið annast túlkun kjarasamninga og vinnur að lausn ágreiningsmála sem koma upp vegna framkvæmdar kjarasamninga.
- Kjarasamningagerð f.h. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Undirbúningur kjarastefnu og samningsmarkmiða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kostnaðarmat kjarasamninga.
- Gerð gagnagrunna, kjararannsóknna og kostnaðargreininga.
- Þátttaka í samstarfsnefndum kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Úrvinnsla bókana með kjarasamningum.
- Seta í stjórnnum starfsmenntunarsjóða stéttarfélaga.
- Samskipti og samvinna við Stéttarfélög.
- Samráð og samvinna við heildarsamtök stéttarfélaga.
- Samráð og samvinna við fulltrúa vinnuveitenda á opinberum og almennum vinnumarkaði.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.
- Samvinna við Reykjavíkurborg um rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFS og Verkefnastofu starfsmats.
- Seta í starfsmatsnefnd SAMSTARFS og framkvæmdanefnd hennar.
- Umsjón með símenntun fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga er annast framkvæmd kjarasamninga.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Norrænt samstarf um kjaramál.

- Norrænt samstarf um vinnurétt.
- Norrænt samstarf um kjaramál kennara.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.
- Vikulegir kjarasviðsfundir.
- Árleg starfsþróunarsamtöl.

Fastanefnd

KJARAMÁLANEFND

Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndastörf

- Aðgerðarhópur um launajafnrétti.
- EES-málefni á sviði vinnumála og vinnuverndar.
- Evróputeymi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fagráð Brunamálaskólans.
- Félagspjónustuteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, stjórn.
- Fræðslusjóður atvinnulífsins, stjórn.
- Fræðslusjóður atvinnulífsins, úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja.
- Fulltrúaráð VIRK.
- ÍST85-Tækninefnd
- Jafnréttisráð.
- Lögfræðingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Matsnefnd leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Nefnd sem metur umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál.
- Nefnd um endurskoðun á skipan dómara í Félagsdóm samkvæmt athugasemdum GRECO nefndar.
- Nefnd um úrbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræði.
- Samráðshópur um nám fullorðinna.
- Samráðshópur um undirbúning ráðstefnu um vinnumarkað framtíðarinnar.
- Samráðsnefnd bæjarstarfsmannafélaga BSRB og SNS.

- Samráðsnefnd SNS og BHM
- Samráðsnefnd um veikindarétt.
- Samstarfsnefnd Hagstofu Íslands, fulltrúi launagreiðenda opinberra starfsmanna.
- Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.
- Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
- Samstarfsráð um símenntun og starfsþróun kennara.
- Skólateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Starfsgreinaráð heilbrigði, félags- og uppeldisgreina.
- Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina.
- Starfshópur til að sporna gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.
- Starfshópur um endurskoðun 12. kafla kjarasamninga.
- Starfshópur um endurskoðun ákvæðis um hálfan lífeyri í lögum um almannatryggingar.
- Starfshópur um jöfnun launa milli markaða.
- Starfshópur vegna könnunar um hagi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.
- Starfsmatsnefnd.
- Starfsmenntunarsjóður FT.
- Starfsmenntunarsjóður LSS.
- Starfsþróunarnefnd.
- Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.
- Stjórn Mannauðssjóðs Kjalar.
- Stjórn Mannauðssjóðs KRG.
- Stjórn Mannauðssjóðs Samflots.
- Stjórn Starfsmenntunarsjóðs FÍH.
- Stjórn Starfsmenntunarsjóðs FT.
- Stjórn Sveitamenntar.
- Stjórn Sveitamenntar.
- Stjórn Vinnueftirlitsins.
- Stjórn Vinnumálastofnunar.
- Stjórn Vísindasjóðs FL .
- Tryggingasjóður LSS.
- Tölfræðihópur SALEK.
- Undanþágunefnd grunnskóla.
- Undirbúningshópur vegna aldarafmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

- Varamaður í starfshópi vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016.
- Vinnumarkaðsteymi Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- Vinnustaðanámssjóður.
- VIRK starfsendurhæfingarsjóður.
- Auk þess sitja sérfræðingar kjarsviðs í 43 samstarfsnefndum með viðsemjendum sambandsins.

Áhersluatriði 2019

INNRA STARF

Innleiðing á nýrri persónuverndarlöggjöf. Lögð verður áhersla á að tryggja upplýsingaöryggi og persónuvernd í öllum verkferlum sviðsins.

Innleiðing á nýrri persónuverndarlöggjöf. Lögð verður áhersla á að tryggja upplýsingaöryggi og persónuvernd í öllum verkferlum Verkefnastofu starfsmats og starfsmatsnefndar.

KJARAVIÐRÆÐUR

Lokið verði gerð kjarasamninga við stéttarfélag innan BSRB.

Lokið verði gerð kjarasamninga við stéttarfélag innan ASÍ.

Lokið verði gerð kjarasamninga við stéttarfélag innan BHM.

Lokið verði gerð kjarasamninga við stéttarfélag utan bandalaga.

Lokið verði gerð kjarasamninga við stéttarfélag innan KÍ.

JAFNLAUNASTAÐALL

Unnið verður með sveitarfélögum að undirbúningi innleiðingar jafnlaunastaðals.

STARFSMAT

Lokið verði við innleiðingu starfsmats fyrir öll stéttarfélag háskólamanna sem um það hafa samið.

NORRÆNT SAMSTARF

Fundur norrænna kjaramálastjóra verður haldinn í Stokkhólmi í febrúar.

Fundur norrænna vinnuréttarlögfræðinga verður haldinn í maí.

Samband íslenskra sveitarfélaga verður gestgjafi Kjaramálaráðstefnu norrænu sveitarfélagasambandanna sem haldin verður í Reykjavík dagana 9. til 11. júní 2019.

Á haustmánuðum verður Samband íslenskra sveitarfélaga gestgjafi samráðsfunds norrænu sveitarfélagasambanda um kjaramál kennara.

SAMRÁÐ, LEIÐBEININGAR OG FRÆÐSLA

Fræðslu- og kynningarfundir verða haldnir með launafulltrúum.

Haldinn verður samráðsfundur með mannauðsstjórum sveitarfélaga.

Haldnir verða kynningarfundir vegna nýja kjarasamninga.

Rekstrar- og útgáfusvið

Hlutverk

Að sinna stoðþjónustu við yfirstjórn og önnur svið sambandsins, annast mannauðsmál og rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. heimasíðu, Sveitarstjórnarmál og Tíðindi.

Leiðarljós

Að mæta þörfum og væntingum yfirstjórnar og sviða um stoðþjónustu og væntingum sveitarstjórnarmanna, starfsmanna sveitarfélaga og annarra fyrir markvissa útgáfu og heimasíðu og síðast en ekki síst markviss fjármálastjórn og góð nýting fjármuna.

Meginmarkmið

- Að bæta nýtingu fjármuna sambandsins.
- Að gæta þess að fjárhagsáætlun ársins sé fylgt eða breytingar á henni samþykktar.
- Að ljúka gerð reikningsskila og ársreiknings sem fyrst eftir hver áramót.
- Að huga vel að þeim mannauð sem sambandið býr yfir og tryggja að sambandið sé fjölskylduvænn og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Að gæta þess að upplýsingar, útgefið efni og heimasíða sambandsins mæti þörfum og væntingum markhópa.

Föst verkefni

- Að undirbúa og annast gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og rammafjárhagsáætlunar til lengri tíma, sem byggjast á starfsáætlunum stjórnar sambandsins og sviða þess.
- Að annast bókhald sambandsins og samstarfsstofnana og hafa umsjón með gerð reikningsskila og ársreikninga sambandsins, Bakhjarls sambandsins, Námsleyfa- og endurmenntunarsjóðs og fleiri samstarfsstofnana.
- Að annast skjalavörslu sambandsins og samstarfsstofnana þess.
- Að annast rekstur tölvukerfa sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá til þess að þau uppfylli þarfir starfseminnar og séu hnökralaus.
- Að sinna ýmsum verkefnum fyrir Lánasjóð sveitarfélaga ohf., Hafnasamband Íslands, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Samtök orkusveitarsveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, Námsleyfasjóð grunnskólakennara og Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

- Að aðstoða framkvæmdastjóra við undirbúning landsþings.
- Að aðstoða framkvæmdastjóra við undirbúning og frágang stjórnarfundna.
- Að hafa umsjón með hússnæðismálum sambandsins og aðstoðu starfsmanna.
- Að sjá um starfsmannamál, ráðningu starfsmanna og fleira þess háttar í samráði við framkvæmdastjóra og aðra sviðsstjóra.
- Að sjá til þess að haldnir séu reglulegir starfsmannfundir.
- Vinna að því að efla starfsanda og ánægju starfsmanna og sjá til þess að starfsaðstaða sé eins góð og mögulegt er.
- Að undirbúa og annast framkvæmd (ytri umgjörð) á þingum, ráðstefnum og fundum á vegum sambandsins í samráði við aðra sviðsstjóra og starfsmenn.
- Að sinna upptökum og beinum útsendingum fundna og ráðstefna sambandsins.
- Að halda við vefsíðu sambandsins og þróa hana í samráði við önnur svið.
- Að annast útgáfumál sambandsins og aðstoða önnur svið við framsetningu upplýsinga.
- Að annast dagleg innkaup.
- Að annast framkvæmdastjórn fyrir Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.
- Að aðstoða þróunar- og alþjóðasvið þegar kemur að æskulýðs- og íþróttamálum.
- Að annast ritarastörf fyrir siðanefnd sambandsins.
- Að annast ritarastörf fyrir Jónsmessunefnd, þegar framkvæmdastjórn nefndarinnar á hendi framkvæmdastjóra sambandsins.
- Halda áfram að vinna í skjalavistunaráætlun fyrir sambandið og samstarfsstofnanir þess.
- Að annast ritarastörf fyrir endurskoðunarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga.

NEFNDASTÖRF STARFSMANNA SVIÐSINS

- Stjórn Bakhjarls
- Valnefnd fyrir Erasmus+
- Æskulýðsráð
- Námsstyrkjanefnd.
- Fulltrúi í Náum áttum hópnum.
- Undirbúningsnefnd Forvarnardagsins.
- Verkefnisstjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
- Varamaður í Fornleifanefnd
- Varamaður í stjórn Vinnueftirlitsins.
- Samráðshópur vegna uppsetningar þjónustukorts

Áhersluatriði 2019

ALMENN ATRIÐI

Framkvæma þjónustukönnun á þjónustu sambandsins.

Fá jafnlaunavottun fyrir sambandið.

Vinna að undirbúningi og framkvæmd landsþings, fjármálaráðstefnu og hafnasambandsþing í október, auk annarra funda og ráðstefna sem sambandið og samstarfsstofnanir þess standa fyrir á árinu.

Kanna möguleika á innskönnun allra bókhaldsgagna (reikninga).

Fara í gegnum samninga sambandsins við þjónustuaðila og endursemjja.

Láta útbúa staðlaðar glærur fyrir sambandið.

Próa ráðstefnumgjörð fjármálaráðstefnu og annarra stórra viðburða og útbúa tékklista fyrir viðburði og námskeið.

Efna til tiltektardags á 5. hæð í Borgartúni 30.

Skoða og tryggja upplýsingaöryggi og persónuvernd í öllum verkferlum Verkefnastofu starfsmats og starfsmatsnefndar.

Endurskoða samstarfssamning við Reykjavíkurborg vegna Verkefnisstofu starfsmats í samvinnu við kjarasvið.

Leggja áherslu á heilsueflandi þætti í starfsemi sambandsins sem miða að því að minnka streitu og auka ánægju.

Bæta vinnuaðstöðu starfsmanna t.d. með upphækkanlegum skrifborðum.

Skoða leiðir til að minnka truflun hjá starfsfólki sunnanmegin í húsinu.

SKJALAVARSLA

Fá samþykki Þjóðskjalasafns fyrir rafrænni vörslu skjala lánasjóðsins.

Tilkynna rafræn gagnakerfi til Þjóðskjalasafns Íslands, þ.e. rafræn mála- og skjalavörslukerfi, rafræn dagbókarkerfi og úrelt tölvukerfi, rafrænar skrár og gagnagrunna.

Skoða möguleikann á að ráða inn sumarstarfsmann til að skrá eldri skjöl í skjalasafni sambandsins og samstarfsstofnana í geymsluskrá. Um er að ræða endurpökkun, skráningu og hreinsun á skjölum sem eru flokkuð eftir eldri málalykli. Sameina þarf þessi skjöl, pakkað á þremur tímabilum.

Endurpakka fundarboðum og fylgiskjöllum stjórnar sambandsins, m.a. taka frumrit og leggja með öðrum frumritum í eldri málalykli.

Skrá og pakka skjölum sem send verða til Gagnageymslunnar til geymslu í óákveðinn tíma.

Grisja eldri bókhaldsskjöl.

Skoða hvort mögulegt sé að setja upp skjalaskápa undir öll gögn sambandsins og samstarfsstofnanna.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Halda áfram að þróa Sveitarstjórnarmál og gefa út a.m.k. þrjú tölublöð á árinu.

Efla símenntun starfsmanna á sviði upplýsinga- og útgáfumála t.d. með námskeiðum í myndbandsgerð.

Setja á laggirnar samstarfsvettvang upplýsinga- og kynningarstjóra, vefstjóra

Skoða hvort tilefni sé til að stofna samráðshóp um heimsmarkmiðin í samvinnu við þróunar- og alþjóðasvið.

Vefþróun og vefendurskoðun – í samstarfi við einstök svið.

Útbúa samskiptaáætlanir sviða

Fá ráðgjöf hjá sérhæfðu fyrirtæki um vef- og samfélagsmiðlaþróun sambandsins næstu 5 ár

Útbúa fræðslumyndbönd um ritun fundargerða.

Útbúa og birta viðmiðunartöflu um laun kjörinna fulltrúa.

Lögfræði- og velferðarsvið

Hlutverk

Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig veita lögfræðingar sviðsins stoðþjónustu fyrir önnur svið og samstarfsstofnanir sambandsins jafnframt því að veita sveitarfélögum almenna þjónustu.

Leiðarljós

- Að gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti með það að meginmarkmiði að standa vörð um sjálfstjórnarrétt þeirra auk markvissrar upplýsingaöflunar og -miðlunar til sveitarfélaga.
- Við framkvæmd verkefna sviðsins er ávallt höfð hliðsjón af stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 auk stefnu sem kann að vera mótuð fyrir einstök málefnasvið.

Meginmarkmið

- Að móta stefnu og fylgjast með lögfræðilegum og faglegum þáttum í starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga og miðla þeirri þekkingu þannig að hún nýtist í starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga almennt.
- Að eiga samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga og m.a. tryggja að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.
- Vinna að framkvæmd lögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin.

Föst verkefni

- Undirbúningur og gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, auk leiðbeininga til sveitarfélaganna
- Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga
- Eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál sveitarfélaga, m.a. á grundvelli umsagna og stefnumörkunar landsþinga og stjórnar sambandsins

- Umsjón með störfum skólamálanefndar og skólateymis sambandsins
- Samstarf við Grunn, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum
- Skólalöng sveitarfélaga (annað hvert ár) og styttri málþing/morgunverðarfundir sambandsins um skólamál.
- Seta í stjórn og umsýsla með Námsleyfasjóði kennara og stjórnenda í grunnskólum.
- Seta í stjórn og umsýsla með Endurmenntunarsjóði grunnskóla.
- Umsýsla með Námsgagnasjóði.
- Pátttaka í samstarfshópi um Dag leikskólans.
- Pátttaka í faghópi og ráðgjöf vegna heilsueflandi leik- og grunnskóla á vegum Embættis landlæknis.
- Seta í samstarfsráði og stýrihópi um símenntun- og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.
- Seta í verkefnahópi um heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Seta í starfshópi um samræmd könnunarpróf
- Pátttaka í GERT verkefninu (grunnmenntun eflid í raunvísindum og tæknigreinum) og seta í verkefnastjórn.
- Pátttaka í samráðshópi um Menntamiðju sem hýsir m.a. Tungumálatorg, Náttúrutorg, Sérkennslutorg, Upplýsingatorg og heimasíðu GERT-verkefnisins.
- Seta í stjórn Rannsóknastofu um þróun skólastarfs
- Seta í ráðgjafaráði forstjóra Menntamálastofnunar
- Pátttaka í samráðshópi um innleiðingu rafrænna prófa
- Pátttaka í stýrihópi og verkefnisstjórn með mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna ytra mats á skólastarfi
- Pátttaka í samráðshópi vegna verkefnisins VISKA (Visible skills of adults)
- Samstarf við Skólastjórafélag Íslands um málefni grunnskóla, þ.m.t. að efla stjórnendur í starfi með markvissri starfsþróun
- Samstarf við Félag stjórnenda í leikskólum og Félag leikskólakennara um málefni leikskóla.
- Seta í stjórn Sprotasjóðs.
- Seta í stjórn Vonarsjóðs FG og SÍ
- Seta í stjórn Vinnustaðanámssjóðs
- Málefna- og stefnumótunarvinna á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Umsjón með starfi félagsþjónustunefndar og félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Samstarf við Samtök félagsmálastjóra
- Seta í Velferðarvaktinni
- Seta í Réttindavaktinni

- Pátttaka í samráðshópi SSH um velferðarmál á höfuðborgarsvæðinu.
- Pátttaka í samstarfsnefnd um málefni aldraðra.
- Pátttaka í Stjórn framkvæmdasjóðs aldraðra
- Pátttaka í starfshópi um málefni utangarðsfólks og pátttaka í samráði um fyrirkomulag þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.
- Pátttaka í starfshópi um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga (Grábókarnefnd)
- Pátttaka í nefnd um framkvæmdaáætlun í barnavernd 2018 – 2022
- Seta sem áheyrnarfulltrúi í flóttamannanefnd
- Pátttaka í vinnuhópi um gagnasöfnun félagsþjónustu í samstarfi við Hagstofuna
- Pátttaka í samnorrænu verkefni um fjarheilbrigðisþjónustu
- Pátttaka í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) og samtakanna Municipal Waste Europe.
- Pátttaka í starfi European Social Network (ESN).
- Pátttaka í starfi samráðsnefndar um húsnæðismál sem starfar á grundvelli verkaskiptasamkomulags ríkis og sveitarfélaga frá maí 2016.
- Vinna að framgangi samstarfssamnings við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um umhverfis- og EES-mál
- Vinna með sveitarfélögum að stefnumótun í loftlagsmálum.
- Aðstoða sveitarfélög við að sinna lögbundnum verkefnum á sviði úrgangsmála, s.s. gerð svæðisáætlana og að standast kröfur í starfsleyfum um meðhöndlun úrgangs.
- Umsjón með verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og samskipti við stofnanir ríkisins og fulltrúa atvinnulífsins um úrgangsmál
- Vinna að framgöngu stefnumótunar í úrgangsmálum sem stjórn sambandsins samþykkti 2016.
- Málefna- og stefnumótunarvinna í skipulagsmálum
- Umsjón með störfum skipulagsmálanefndar sambandsins.
- Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd og endurskoðun landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026.
- Aðstoð við fulltrúa sambandsins í verkefnisstjórn um 4. hluta rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu vatnsafls og jarðhitasvæða.
- Samstarf við forsætis- og utanríkisráðuneytið um heimsmarkmið, 2030 dagskrá Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development).
- Pátttaka í samráðshópi um framgang INSPIRE tilskipunarinnar um landupplýsingakerfi.
- Seta í verkefnisstjórn landsáætlunar um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.
- Aðstoð við fulltrúa sambandsins í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála, Ferðamálaráði og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

- Almenn hagsmunagæsla fyrir sveitarfélögin varðandi framkvæmd laga um opinber innkaup, fræðsla til starfsmanna sveitarfélaga og utanumhald um innkaupahóp sambandsins.
- Reglulegir samráðsfundir með Félagi slökkviliðsstjóra um málefni slökkviliða
- Samskipti við forsætisráðuneytið um þjóðlendumál og aðstoð við fulltrúa sambandsins í þjóðlendunefnd
- Reglulegir samráðsfundir persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga ásamt almennri hagsmunagæslu og fræðslu varðandi framkvæmd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Samskipti við samtök réttihafa hvað varðar höfundarrétt að efni sem sveitarfélög nýta í starfsemi sinni
- Samskipti við aðila að Byggingarvettvangi (BVV) og rýni á tillögur sem þar koma fram.
- Fræðsla og ábendingar til sveitarfélaga um þjónustugjöld
- Þátttaka í nefnd um opinberar eftirlitsreglur
- Frumkvæði að upplýsingagjöf til sveitarfélaga um verkefni sviðsins, m.a. á heimasíðu og í Sveitarstjórnarmál og Tíðindi
- Fylgjast með þróun löggjafar um sveitarstjórnarstigið í nágrennalöndum og koma á framfæri hugmyndum um frekari þróun löggjafar hér á landi
- Greining á niðurstöðum stjórnvaldsúrskurða, dóma og álitum umboðsmanns Alþingis í málum sem varða sveitarfélögin og eftirfylgd með upplýsingum, ráðgjöf og greinaskrifum þegar við á
- Námskeiðahald og þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmálefni og fagleg málefni
- Þátttaka í ýmsum nefndum og starfshópum er varða hagsmuni sveitarfélaga og samskipti við fulltrúa sambandsins í nefndum og ráðum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Viðhald á efni á heimasíðu sambandsins
- Aðstoð við gerð umsagna fyrir stjórn Hafnasambands Íslands
- Lögfræðileg ráðgjöf til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- Utanumhald um fundi Samtaka lögfræðinga sveitarfélaga.

Fastir viðburðir

- Tveir samstarfsfundir á ári með Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kennaradeild Háskólans á Akureyri og skólaþróunarsviði HA
- Þrír fundir á ári með samstarfsnefnd leik- og grunnskóla
- Dagur leikskólans 6. febrúar
- Vor- og haustfundur Grunns
- Vor- og haustfundur Samtaka félagsmálastjóra
- Vor- og haustfundur Samtaka tæknimanna
- Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga

- Árlegur samráðsfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda
- Árlegur samráðsfundur Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa
- Vor- og haustfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða og samstarfsstofnana
- Vor- og haustráðstefna FENÚR.

Fastanefndir

SKÓLAMÁLANEFND

- Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í fræðslumálum.

SKIPULAGSMÁLANEFND

- Hlutverk nefndarinnar er m.a. að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar lagabreytingar, aðkomu að gerð landsskipulagsstefnu, og fylgjast með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga.

FÉLAGSPJÓNUSTUNEFND

- Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði velferðarmála og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

VERKEFNISSTJÓRN UM ÚRGANGSMÁL

- Hlutverk verkefnisstjórnar er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga á sviði úrgangsmála og vera ráðgefandi fyrir stjórn sambandsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra um úrgangsmál.

Áhersluatriði 2019

ALMENN VERKEFNI

Undirbúa námskeiðsefni og skipuleggja námskeið fyrir félagsmálanefndir sveitarfélaga.

Undirbúa stutt rafræn námskeið um valin álitæfni.

Starfsþróunarsamtöl verða tekin á fyrri hluta ársins.

Ut anumhald um samráðshóp persónuverndarfulltrúa. Dreifing upplýsinga er þar verða til svo sem leiðbeiningar og fyrirmyndir sem auðvelda sveitarfélögum innleiðingu laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ut anumhald um sérfræðingahóp um innkaupamál sveitarfélaga.
Námskeiðahald og fræðsla til starfsmanna sveitarfélaga í samstarfi við Ríkiskaup.

Samstarf við Ríkiskaup um þróun þjónustu við sveitarfélög og gerð leiðbeiningaefnis fyrir starfsfólk sveitarfélaga um opinber innkaup.

Gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um framkvæmd upplýsingalaga að teknu tilliti til nýrra ákvæða um upplýsingamiðlun að frumkvæði stjórnvalda.

Eftirfylgni við innleiðingu á SIS-mati (Support Intensity Scale), sem ætlað er að mæla þörf fyrir sértækari stuðning bæði í skólastarfi og daglegu lífi barna og fullorðinna, jafnframt því að taka þátt í mótun verklags um fyrirlögn og úrvinnslu matsins.

Greining á áhrifum alþjóðlegra mannréttindasamninga á starfsemi sveitarfélaga, einkum barnasáttmála SP og samnings um réttindi fatlaðs fólks. Lögð er áhersla á að sveitarfélögum verði tryggður stuðningur við innleiðingu barnasáttmálans.

Seta í samráðshópi um innleiðingu stafræns skipulags og fræðsla til sveitarfélaga um málefnið.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga í umræðu um frekari endurskoðun laga um lögheimili og laga um skráningu aðsetursskipta, m.a. varðandi lögheimili barna, og breytingar á fyrirkomulagi almannaskráningar.

Ut anumhald um vinnu starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins.

SKÓLAMÁL

Skólalæping verður haldið í byrjun nóvember.

Þátttaka í vinnu við mótun menntastefnu til ársins 2030.

Þátttaka í stýrihóp um menntun fyrir alla, sem falin er eftirfylgd við skýrslu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar.

Vinna að framgangi tillagna til þess að bregðast við skorti á kennurum í leik- og grunnskólum, í samvinnu við háskólana og aðra samstarfsaðila.

Vinna að úrbótum á inntaki kennaramenntunar og skipulagi kennaranáms í samráði við kennaramenntunardeildir háskólanna að teknu tilliti til menntastefnu og þarfa skólastarfs á hverjum tíma.

Endurskoðun á hlutverki og erindisbréfi skólamálanefndar sambandsins.

Koma á reglulegum samráðsfundum með mennta- og menningarmálaráðherra.

Vinna áfram að því að leyfisbréf kennara, með til þess bærar menntun, tryggi

þeim kennsluréttindi á aðliggjandi skólastigum.

Pátttaka í frekari þróun tillagna í skýrslu um eflingu leikskólans, svo sem um kynningu á leikskólakennaranámi og mismunandi námsleiðum og leiðir til að fjölga körlum í leikskólum og leikskólakennaranámi.

Pátttaka í samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og aðkoma að þróunarverkefnum.

Fylgja eftir tillögum í skýrslu um tilraunaverkefni um hljóðvist í leikskólum. Kannaður verður möguleiki á að afla styrkja til reynsluverkefnis.

Efla samstarf við Embætti landlæknis, velferðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og undirstofnanir þeirra um samhæfð viðbrögð og aðgerðir til að takast á við geðrænan, félags- og tilfinningalegan vanda barna og ungmenna og efla heilbrigði og vellíðan.

Vinna að framgangi tillagna starfshóps um menntun barna hælisleitenda.

Kortleggja þjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla við börn með annað móðurmál en íslensku og stuðla að aukinni samvinnu um málefnið.

Pátttaka í starfshópi um samræmd könnunarpróf.

Pátttaka í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Á þeim vettvangi verði m.a. unnið að endurskoðun lagamma um tónlistarnám.

FÉLAGSPJÓNUSTA OG HÚSNÆÐISMÁL

Pátttaka í samráðsnefnd um fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu, gerð aðgerðaáætlunar um fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu og áframhaldandi vinna að einstökum málefnum sem fjallað er um í Grábók sambandsins. Um er að ræða mjög umfangsmikla vinnu sem flestir starfsmenn sviðsins koma á einhvern hátt að.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga vegna innleiðingar framtíðarskipunar húsnæðismála, einkum hvað snertir hlutverk sveitarfélaga á sviði húsnæðismála og fjármögnun húsnæðis.

Áframhaldandi vinna við frumvörp um húsnæðismál, einkum varðandi hlutverk sveitarfélaga við opinbera áætlanagerð og stöðu ÍLS.

Pátttaka í mótun tillagna um aðgerðir í húsnæðismálum í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Miðlun upplýsinga um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga, með áherslu á þróun leigumarkaðar og aðgerðir til að tryggja félagslegan fjölbreytileika í einstökum hverfum.

Stuðla að því að lausn finnist á fortíðarvanda sveitarfélaga vegna félagslegra leiguíbúða, með milligöngu Varasjóðs húsnæðismála (VH) eða á öðrum vettvangi.

Aðild að tilraunaverkefni ÍLS um uppbyggingu í húsnæðismálum á landsbyggðinni.

Áframhaldandi útfærsla á samstarfi við Vinnumálastofnun og fleiri aðila um framtíðarfyrirkomulag atvinnumála fatlaðs fólks og annarra þeirra, sem standa höllum fæti gagnvart vinnumarkaði.

Áframhaldandi vöktun á þróun þjónustupátta og afkomu og rekstrar málaflokks fatlaðs fólks og aðstoð við sveitarfélög við gerð áætlana um aðgengismál, ásamt stuðningi við fulltrúa sambandsins í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.

Vinna að úrlausn þjónustupátta sem tengjast málefnum fatlaðs fólks, sem ekki var lokið við í tengslum við endurmat á yfirfærslunni. Jafnframt verður lögð áhersla á að skýra stöðu stofnana sem veita búsetuþjónustu á landsvísu.

Veita fræðslu til sveitarfélaga og gæta hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu nýrrar löggjafar á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga einkum hvað varðar kostnaðarmat og útfærslu í leiðbeiningum til sveitarfélaga.

Þátttaka í gerð tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

Áframhaldandi aðkoma að þróun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög til velferðarþjónustu, þ.m.t. fasteignamála.

Vinna að því að greina og kynna möguleika á nýtingu velferðartækni til að þróa þjónustu sveitarfélaga.

Eftirfylgni við nýtt verklag um einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir í málefnum fatlaðs fólks og fyrirlögn/úrvinnslu SIS-mats.

Þátttaka í starfshópi um breytt greiðslufyrirkomulag á dvalar- og hjúkrunarheimilum, skv. bráðabirgðaákvæði við lög um málefni aldraðra.

Samræming upplýsingaöflunar og söfnun samtímaupplýsinga frá félagsþjónustu sveitarfélaga samhliða uppbyggingu miðlægra gagnasafna, í samvinnu við hag- og upplýsingasvið.

Vinna að því að sveitarfélög fái aðstoð við innleiðingu verklags til að vinna gegn heimilisofbeldi.

Fylgjast með innleiðingu geðheilbrigðisstefnu, með sérstaka áherslu á börn og ungmenni.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun heilbrigðisstefnu og stefnu um fjarheilbrigðisþjónustu.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu lýðheilsustefnu og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.

Pátttaka í mótun atvinnu- og virkniúrræða fyrir ungt fólk.

Pátttaka í nefnd um endurskoðun barnaverndarlaga.

Pátttaka í stefnumótun og verkefnahópum um fyrirkomulag þjónustu við börn.

Vinna að því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði ásamt því að hafnar verði viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um að leikskólavistun verði í boði fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri.

Eiga aðkomu að heildrænni stefnumótun í málefnum eldri borgara að teknu tilliti til heilsu, velferðarþjónustu og kjara eldri borgara. Stefnumótunin er leidd af félags- og jafnréttismálaráðherra.

Aðstoð við sveitarfélög vegna móttöku flóttamanna og hælisleitenda, s.s. við gerð samninga og þekkingarmiðlun og aðkoma að innleiðingu samræmdra verklagsreglna um móttöku flóttamanna.

UMHVERFISMÁL

Nýr sérfræðingur um úrgangs- og umhverfismál hefur störf í febrúar. Þessi tímamót gefa tilefni til þess að endurmeta áherslur og tilhögun hagsmunagæslu sambandsins í umhverfismálum.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd og endurskoðun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Þess má vænta að fjölmörg verkefni sem snúa að sveitarfélögum komi til framkvæmda á næstu misserum.

Sambandið mun standa fyrir málþingi um loftslagsmál á fyrri hluta ársins. Markmið þess er að auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á málefnum og stuðla að myndun tengslaneta um einstök viðfangsefni aðgerðaáætlunar um loftslagsmál.

Vinna með fulltrúum sveitarfélaga að innleiðingu heimsmarkmiða og forgangsröðun verkefna innan tiltekinna heimsmarkmiða.

Aðstoða fulltrúa sambandsins í ráðgjafanefnd um endurskoðun landsskipulagsstefnu og pátttaka í samráðsvettvangi. Áherslur umhverfis- og auðlindaráðherra við endurskoðunina eru á loftslag, landslag og lýðheilsu og hefur endurskoðunin mikla tengingu við önnur verkefni sviðsins.

Taka þátt í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þar sem áhersla verði m.a. lögð á orkuöryggi.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við framkvæmd raforkulaga, m.a. varðandi

stöðu kerfisáætlunar Landsnets.

Vinna að þróun lagaumhverfis fyrir vindorkunýtingu á grundvelli tillagna starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra.

Pátttaka í starfshópi um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Pátttaka í verkefnisstjórn um framfylgd landsáætlunar til 12 ára um uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu og þriggja ára framkvæmdaáætlunar.

Pátttaka í starfshópi um fyrirkomulag gjaldtöku á ferðaþjónustu. Liður í þeirri vinnu er að fylgja því eftir tekjur af gistináttaskatti færist til sveitarfélaga.

Pátttaka í starfshópi um endurskoðun laga um fjöleignarhús, með áherslu á innleiðingu ákvæða sem lúta að orkuskiptum í samgöngum og gististarfsemi. Málið hefur jafnframt tengingu við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og endurskoðun á byggingarreglugerð.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við útfærslu á tillögum Ferðamálaráðs um breytingar á lagaumhverfi og eftirliti með skammtímaleigu húsnæðis til ferðamanna og veita leiðbeiningar og ráðgjöf til sveitarfélaga um stjórnarsýsluframkvæmd á grundvelli reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanaleyfi.

Pátttaka í starfshópi um val á leiðum til gjaldtöku af ferðamönnum.

Vinna að eftirfylgd áfangastaðaáætlana sem unnar voru í öllum landshlutum á árinu 2018.

Aðstoð við fulltrúa sambandsins í nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs og þátttaka í samráði um tillögur nefndarinnar.

Aðstoð við landshlutasamtök sveitarfélaga við mótun framtíðarfyrirkomulags um almenningssamgöngur og aðkoma að þróun tillagna um hlutverk innanlandsflugs sem almenningssamgangna fyrir íbúa í dreifbýli.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart frumvarpi um Þjóðgarðastofnun.

Pátttaka í ráðgjafanefnd um gerð framkvæmdaáætlunar B-hluta náttúruminjasrár. Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram 112 tillögur um friðun svæða sem nú eru til nánari skoðunar.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við frekari endurskoðun náttúruverndarlaga, þar sem hugað verður m.a. að skilgreiningu á almannarétti.

Aðstoða sveitarfélög við rýni tillagna um friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlana og rammaáætlunar.

Aðstoða sveitarfélög við gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp og áframhaldandi barátta fyrir því að sveitarfélögin fái endurgreiddan VSK vegna fráveituframkvæmda. Samstarf við Umhverfisstofnun um forgangslista og kostnaðarmat framkvæmda á fráveitu. Aðstoða sveitarfélög í samskiptum þeirra við ríkisvald um fráveituframkvæmdir.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun aðgerðaáætlunar gegn plastmengun. Áhersla er lögð á að forgangsröðun aðgerða byggi á ábata- og kostnaðargreiningu og að aðgerðir sem varða sveitarfélögin verði fjármagnaðar.

Kynna endurskoðaðar áherslur sambandsins í úrgangsmálum og vinna að framfylgd þeirra, m.a. í samráðsvettvangi um úrgangsmál. Áhersla er m.a. lögð á að bæta upplýsingaöflun og tölfraeðiúrvinnslu í málaflokknum og að kynna væntanleg áhrif hringrásarhagkerfis fyrir sveitarfélögum.

Fylgjast með rannsóknum á oxun hauggas.

Kynna mikilvægi svæðisáætlana um úrgangsstjórnun og aðstoða sveitarfélög við undirbúning svæðisáætlana og gerð samþykktu um úrgangsmál.

Pátttaka í vinnu við að finna lausn fyrir allt landið sem tryggir förgun áhættuúrgangs og spilliefna.

Áframhaldandi pátttaka í samstarfsverkefni um minnkun á matarsóun.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga vegna tveggja frumvarpa um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga við gerð reglugerðar um skráningarskyldu rekstraraðila á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samstarf við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa sveitarfélaga um þróun á gagnasafni Mannvirkjastofnunar með rafrænum byggingarleyfum, skoðunarhandbókum og fleiri upplýsingum.

Vöktun á áhrifum reglugerðar um starfsemi slökkviliða. Liður í þeirri vöktun er að leita leiða til að aðstoða sveitarfélög við að ljúka gerð brunavarnaáætlana.

Gæta hagsmuna sveitarfélaga vegna miðlægrar öflunar upplýsinga sem verða til í stjórnslu sveitarfélaga, m.a. vegna greinar 3.2.3 í [landsskipulagsstefnu](#) (upplýsingar um húsnæðismál).

Samskipti við embætti byggingarfulltrúa og stjórnendur sveitarfélaga vegna mögulegrar samræmingar á gjaldskrá.

Þróunar- og alþjóðasvið

Hlutverk

- Að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega í lýðræðismálum, byggða- og atvinnuþróunarmálum, mannréttinda- og jafnréttismálum og upplýsingatæknimálum.
- Að stuðla að því að íslenskir sveitarstjórnarmenn verði hæfari til að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi.
- Að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í EES-samstarfinu og gagnvart ESB.
- Að hafa umsjón með erlendum samskiptum sambandsins.

Leiðarljós

- Frumkvæði og virk samskipti á innlendum sem erlendum vettvangi.

Meginmarkmið

- Að sveitarfélög séu upplýst um nýjungar í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra og erlendra sveitarfélaga og nýti sér tækifæri til framþróunar og nýsköpunar.
- Að sveitarstjórnarmenn eigi kost á fræðslu sem er sniðin að þörfum þeirra.
- Að sveitarfélög séu upplýst um tækifæri sín og skyldur samkvæmt EES-samningnum.
- Að tekið sé tillit til sjónarmiða íslenskra sveitarfélaga á vettvangi EES og ESB.

Föst verkefni

- Að fylgjast með nýsköpunar- og þróunarverkefnum íslenskra og erlendra sveitarfélaga og miðla upplýsingum um þau til íslenskra sveitarfélaga og hvetja til nýsköpunar- og þróunarstarfs innan þeirra.
- Að vera tengiliður milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins til að stuðla að nýsköpun og þróun í lýðræðismálum, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.
- Samstarf við jafnréttisstofu, m.a. um árlegan jafnréttisfund fyrir sveitarfélög
- Að standa fyrir málþingum, námskeiðum og ráðstefnum fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um málefni sviðsins.
- Að standa fyrir aðgerðum til að auka hæfni og þekkingu íslenskra sveitarstjórnarmanna.
- Að fylgjast með nýmælum á vettvangi EES og ESB, sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög, og undirbúa viðbrögð við þeim.

- Að taka þátt í samráðsfundum með ráðuneytum vegna nýmæla á evrópska efnahagssvæðinu sem haft geta áhrif á sveitarfélög.
- Að taka á móti erlendum gestum og kynna íslensk sveitarstjórnarmál fyrir þeim.

NEFNDASTÖRF SVIÐSSTJÓRA

- Fulltrúi sambandsins í samstarfshópi ríkisins um málefnasvið 6, þ.e. um upplýsingasamfélagið og grunnskrár ríkisins.
- Fulltrúi sambandsins í samstarfshópi með ríkinu um úttekt á opinberum vefjum sem gerð er annað hvert ár.
- Fulltrúi sambandsins í innflytjendaráði.
- Fulltrúi sambandsins í jafnréttisráði.
- Varamaður framkvæmdastjóra í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál.
- Varamaður framkvæmdastjóra í stjórn Byggðastofnunar.
- Fulltrúi sambandsins í vinabæjarnefnd Norræna félagsins.
- Ritari íslensku sendinefndarinnar á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins.
- Tekur þátt í framkvæmdastjórafundum og fundum í stefnumótunarnefnd Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, og samráðsfundum yfirmanna alþjóðamála hjá norrænu og baltnesku sveitarfélagasamböndunum.
- Tekur þátt í fundum Sveitarstjórnarvettvangs EFTA.
- Tekur þátt í lýðræðishópi norrænu sveitarfélagasambandanna.
- Fulltrúi í siðanefnd sambandsins.
- Hefur umsjón með Alþjóðateymi sambandsins, tekur þátt í mannauðsteymi, og eftir atvikum í félagsþjónustu- og vinnumarkaðsteymi.
- Hefur umsjón með innflytjenda- og flóttamannateymi sambandsins.
- Sviðsstjóri hefur tekið þátt í samstarfshópi norrænu sveitarfélagasambandanna um málefni flóttamanna frá 2016.
- Sviðsstjóri skipað aðalmaður í fornminjanefnd í október 2018
- Sviðsstjóri tilnefnd í stýrihóp um heilsueflandi samfélög í sept. 2018

Föst verkefni Brussel-skrifstofu

- Þátttaka í samstarfsneti starfsmanna evrópskra sveitarfélagasambanda í Brussel (ELAN).
- Þátttaka í starfi Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR.
- Umsjón með fundum Sveitarstjórnarvettvangs EFTA.
- Fulltrúi sambandsins í Ráðgjafarnefnd EFTA.
- Fulltrúi sambandsins í samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins á sveitarstjórnarstigi á vettvangi ESB.

- Þátttaka í starfi Municipal Waste Europe.
- Þátttaka í ráðstefnum og fundum í Brussel um málefni er varða sveitarfélög.
- Fylgist með undirbúningi stefnumótunar, tilskipana og reglugerða ESB á grundvelli árlegra starfsáætlana framkvæmdastjórnar ESB, CEMR og forgangslista ELAN.
- Samvinna við Svæðanefnd ESB, og aðrar ESB-stofnanir, fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu, EFTA skrifstofuna og aðra aðila sem vinna að hagsmunum Íslands í Brussel.
- Upplýsingamiðlun á vef sambandsins og beint til starfsmanna sambandsins og sveitarfélaga og útgáfa upplýsingaritsins *Evróputíðindi sveitarfélaga*.
- Skipulagning námsferða fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn og annast móttöku og fræðslu fyrir þá og aðra er áhuga hafa á að kynnst starfsemi skrifstofunnar og Evrópumálum.
- Aðstoð við sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga við að nýta sér evrópsk verkefnatækifæri.
- Aðstoð við þátttakendur í Evrópuviku svæða og borga (OPEN DAYS).

Áhersluatriði 2019

NÝSKÖPUNAR- OG PRÓUNARMÁL

Ráðstefna á vormisseri í samstarfi við fjármálaráðuneytið til að kynna niðurstöður nýsköpunarkönnunar og hvernig henni verði fylgt eftir. Jafnframt verði kynnt hugmyndafræði um samsköpun með íbúum og notendum um nýjar lausnir í opinberri þjónustu og framkvæmd (co-creation/samskabelse) með þátttöku dansks fræðimanns og ráðgjafa Anne Torzen.

Skóða, með lögfræði- og velferðarsviði, Skipulagsstofnun og Reykjavíkurborg að skipuleggja þekkingarviðburð um nýjar áherslur í skipulagsmálum (sambætting íbúasamráðs, kynja- og lýðheilsusjónarmiða, heimsmarkmiða S.P. og viðbrögð vegna loftlagsbreytinga (vindmylluvæðing)

MÁLEFNI INNFLYTJENDA OG FLÓTTAMANNA

Fylgja eftir innleiðingu framkvæmdaáætlunar um málefni innflytjenda.

Vinna að innleiðingu tillagna nefndar velferðarráðuneytisins um samræmt og endurbætt móttökukerfi fyrir alla flóttamenn og þá sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum í gegnum innflytjenda- og flóttamannateymi sambandsins og þróun á nýju endurgreiðslufyrirkomulagi vegna kostnaðar sveitarfélaga með hag- og uppýsingasviði

LÝÐRÆÐISMÁL

Meta framkvæmd námskeiða fyrir sveitarstjórnarmenn 2018 og framhald

námskeiða

Vinna, með stuðningi Jöfnunarsjóðs, að íbúasamráðsverkefni með Akureyrarkaupstað til að afla reynslu og þekkingar á innleiðingu samráðsaðferða handbókar sambandsins um íbúasamráð.

MÁLEFNI UPPLÝSINGASAMFÉLAGSINS

Taka þátt í áframhaldandi stefnumótun um málefnasvið 6 um hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál á grundvelli grænbókar sem kom út sumarið 2018.

Vinna með fjármálaráðuneytinu að innleiðingu UT samstarfsverkefna samkvæmt samkomulagi sambandsins og fjármálaráðuneytisins.

Ráðstefna á vormisseri um stafræna þróun í sveitarfélögum, í samstarfi við fjármálaráðuneytið, til að undirbúa stofnun UT samstarfsvettvangs sveitarfélaga

EES MÁL

Átak til að kynna tækifæri sveitarfélaga í ESB áætlunum og í EES þróunarsjóðum á nýjum styrkjatímabilum í samstarfi við utanríkisráðuneytið o.e.t.v.fl. aðila.

Vinna að því að LIFE og Rights & Values áætlanirnar verði aðgengilegar fyrir íslenska aðila, sbr. ályktun EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins á 18. fundi í desember 2018.

Styrkja EES samstarfstengsl við ráðuneyti

Standa fyrir námsferð um Evrópumál til Brussel, e.t.v. í tengslum Evrópuviku sveitarfélaga og svæða í október, „Open Days“.

ÖNNUR ERLEND SAMSKIPTI

Fundur á Íslandi 7.-8. maí í tengiliðahópi norrænu sveitarfélagasambandanna um málefni flóttamanna

